

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Laugarás - Austurbrún 6 - USK25040149.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 19. júní 2025, breytingu á deiliskipulagi Laugaráss vegna lóðarinnar nr. 6 við Austurbrún. Í breytingunni sem lögð er til felst að koma fyrir byggingarreit á lóð fyrir djúpgáma. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Efstaland 26 - USK25030188.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 3. júlí 2025, breytingu á deiliskipulagi Efstalands 26-28, vegna lóðarinnar nr. 26 við Efstaland. Í breytingunni felst að bætt er við texta skilmála, ákvæði sem skilgreinir leyfilega starfsemi á vegum velferðarsviðs og/eða frjálsra félagasamtaka sem sinna velferðarþjónustu í samstarfi við Reykjavíkurborg eða ríkið á efstu hæð hússins (2. hæð frá Bústaðavegi). Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Naustareitur 1.132.1 - Tryggvagata 14 - USK25030007.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 17. júlí 2025, breytingu á deiliskipulagi Naustareits, reits 1.132.1, vegna lóðarinnar nr. 14 við Tryggvagötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt er að setja upp allt að 5 m hátt fjarskiptaloftnet ofan á þakið ásamt tilheyrandi tæknibúnaði í kjallara. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 23. júlí 2025.

Brynjar Þór Jónasson.

B deild - Útgáfudagur: 23. júlí 2025